

Atlantsolía ehf
Lónsbraut 2
220Hafnarfjörður

Akureyri, 16. apríl 2021
UST202102-434/G.S.Á.
08.06.02

Reglubundið fyrra eftirlit þann 18.3.2021, hjá Atlantsolíu ehf. Hafnarfirði

Þann 18. mars sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Atlantsolíu ehf. Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú frávik komu fram við síðasta eftirlit er varða að uppfæra hafi þurft áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda og að skráningum, utanumhaldi rekstrarhandbókar hafi verið ábótavant og að viðvörunarbúnað hafi vantað í olíuskilju. **Öllum þessum frávikum hefur nú verið lokað og úrbætur staðfestar í eftirliti.**

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar að uppfæra þarf öryggisblöð í möppu í stöðvarhúsi. Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti. Geymar nr. G001B og G003A voru síðast mældir árið 2010. Vegna tafa á afhendingu varahluta þá hefur ekki verið þykktarmælt en fyrirhugað er að mælingin fari fram í viku 15-17 nú í ár.

Umhverfisstofnun óskar eftir staðfestingu á úrbótum að mælingu lokinni, áætlað í viku 15-17 nú í ár og að skýrsla mælinga verði í framhaldinu send stofnuninni um leið og niðurstöður hennar eru birtar rekstraraðila.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson
Sérfræðingur